

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 14 15. marz 1965, um launaskatt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „1%“ í 1. mgr. 1. gr. laganna komi: 2½%.

2. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Skattur þessi skiptist þannig, að 1% rennur í Byggingarsjóð ríkisins sem stofnfjárframlag og 1½% rennur í rikissjóð.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsjóður ríkisins greiðir til rikissjóðs 1% af hluta sjóðsins af innheimtum launaskatti samkvæmt lögum þessum, vegna kostnaðar af framkvæmd laganna.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1973 og gilda til loka þess árs.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.